

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlanir:

Deiliskipulag við Kallhamar – athafnasvæði.

Þann 11. desember 2025 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms nýtt deiliskipulag fyrir Kallhamar. Skipulagssvæðið er um 20,5 ha að stærð. Skipulagið heimilar athafnastarfsemi með áherslu á grænan iðngarð. Afmarkaðir eru byggingarreitir, gerð grein fyrir byggingarheimildum ásamt vega- og stígagerð, veitum, mengunarvörnum og öðrum viðeigandi þáttum.

Deiliskipulag við Hamraenda – athafnasvæði.

Þann 11. desember 2025 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms nýtt deiliskipulag fyrir Hamraenda. Skipulagssvæðið er um 12,1 ha að stærð. Skipulagið heimilar athafnastarfsemi og afmarkaðir eru byggingarreitir, gerð grein fyrir byggingarheimildum ásamt vega- og stígagerð, veitum, mengunarvörnum og öðrum viðeigandi þáttum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 18. febrúar 2026.

Þuríður Ragna Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 4. mars 2026